



Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Innanríkisráðuneytið
sent á netfangið
postur@irr.is

Stykkishólmur, 24. nóvember 2016.

Á vef innanríkisráðuneytisins er kynnt að það hafi til umsagnar drög að frumvarpi til breytinga á lögum um þinglýsingar (rafrænar þinglýsingar) og gefin kostur á að senda ráðuneytinu athugasemdir til og með 28. nóvember nk.

Meginbreyting frumvarpsins er sú að gert er ráð fyrir því að rafrænar þinglýsingar verði hjá einu: „...sýslumannsembætti [sem] annist allar þinglýsingar á landinu.“ Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á gildandi þinglýsingalögum, sem leiða af þessari meginbreytingu, en um þær er ekki fjalla hér.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, orðist svo: „Ísland er eitt þinglýsingarumdæmi og sýslumaðurinn á/í xx er þinglýsingarstjóri.“

Sýslumaðurinn á Vesturlandi vill með bréfi þessu lýsa yfir vilja sínum til að vera þinglýsingarstjórin og annast allar þinglýsingar á landinu. Gera má ráð fyrir því að hvert það embætti, sem fær það hlutverk að annast allar þinglýsingar á landinu, þurfi að ráða til sín starfsmenn og hafa fyrir þá húsnæði. Þannig háttar til hjá Sýslumanninum á Vesturlandi því að á skrifstofu embættisins á Akranesi er gott húsrými. Vitaskuld koma fleiri sjónarmið til álita en húsrými, þegar tekin er ákvörðun um það hvaða embætti annist allar þinglýsingar á landinu, og telur embættið sig í stakk búið til að mæta þeim þegar þau koma til umfjöllunar.

Með bréfi þessu fylgir:

1. Bréf Akraneskaupstaðar frá 18. nóvember sl. til Sýslumannsins á Vesturlandi.
2. Bréf Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá 23. nóvember sl. til sama.

Ólafur K. Ólafsson
sýslumaður